



19. fundur stjórnar LH 2022-2024
21. febrúar 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Valdimar Magnús Ólafsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holager.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir

Forföll boðuðu: Edda Rún Ragnarsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 17. og 18. funda

2. Verkefnastaða í nefndum

Landsliðsnefnd / Útbreiðslunefnd

Útbreiðslunefnd lagði fyrir landsliðsnefnd tillögu að fjölskylduskemmtun til styrktar afreksmálum LH með keppnisgreinum á öðrum og léttari nótum en hinar hefðbundnu hringvallagreinar. Áhersla verði á hæfileikamótun og U21-landsliðið, A-landsliði verði falið að gegna störfum dómara, dyravarða ofl. Skipuð verði framkvæmdanefnd með fulltrúum úr báðum nefndum.

Tölvunefnd

Mótahluti HorseDay appsins er kominn í gagnið og er HorseDay þar með tekið við af LH-Kappa, þó Kappi virki enn. Öll grunnvirkni er á opnum aðgangi. Mótavirkni HD hefur hlotið góðan hljómgrunn og er almenn ánægja með appið.

3. Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

Öryggisnefnd hefur samið viðbragðsáætlun sem tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur. Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp. Öryggisfulltrúi leiðbeinir um frekara viðbragð eftir alvarleika atviks.

Lagt er til að stjórn mælist til þess að mótshaldarar innleiði þessa viðbragðsáætlun í mótahaldið á árinu 2024. Einnig er lagt til að stjórn leggi fyrir landsþing að innleiða áætlunina í keppnisregur LH.

Öryggisfulltrúi verður skipaður á Landsmóti og þar gefst tækifæri til að slípa áætlunina, öryggisnefnd mun skila skýrslu að mót loknu um að hverju þurfi að huga að á stórmóti.

Afgreiðsla: Samþykkt að mælast til við mótshaldara að skipa öryggisfulltrúa á mótum ársins. Samþykkt að leggja fyrir Landsþing innleiðingu öryggisáætlunar í regluverk um mótahald.

Randi kemur inn á fund.

Sóley kemur inn á fund



4. Skipan trúnaðarmanns LH sbr. stefna LH um „öruggt umhverfi“

Skv. stefnu LH um „öruggt umhverfi í hestaíþróttum“ er kveðið á um stofnun Trúnaðarráðs Landssambands Hestamannafélaga sem hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur sambandsins. Trúnaðarráð er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti, ofbeldi eða kynferðislega- eða kynbundna áreitni í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð sambandsins og aðildarfélags þess.

Trúnaðarráð tekur við tilkynningum um áreitni, einelti og ofbeldi hvers konar, vinnur úr þeim og kemur í viðeigandi farveg eftir eðli málsins hverju sinni.

Trúnaðarráðið hefur ekki verið skipað. Lagt er til að í stað trúnaðarráðs verði skipaður trúnaðarmaður LH, sem hefur það hlutverk að taka við tilkynningum, koma málum í farveg og tryggja að mál fái viðeigandi lausn.

Afgreiðsla: BK og GBB falið að vinna málið áfram og leggja tillögu að úrlausn fyrir næsta fund.

5. Meistaradeild Líflands og æskunnar – beiðni um styrk

Stjórn Meistaradeildar Líflands og æskunnar óskar eftir styrk frá LH að fjárhæð kr. 300.000 til fræðslu og uppbyggingar ungs fólks í deildinni.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Meistaradeild Líflands og æskunnar styrk fyrir fræðslustarfi gegn framvísun reiknings að hámarki 300.000 kr.

6. Dómstóll ÍSÍ - dómur í máli Jóhanns Rúnars Skúlasonar gegn LH

Dómstóll ÍSÍ vísaði málinu frá dómi með úrskurði 4. ágúst 2023 á grundvelli þess að kærufrestur væri liðinn. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ felldi hinn kærða úrskurð úr gildi með dómi 4. október 2023 og lagði fyrir dómstól ÍSÍ að taka kröfur áfrýjanda til efnismeðferðar. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 1. febrúar 2024 og var málið dómtekið í kjölfarið. Kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar Landssambands Hestmannafélaga og landsliðsnefndar sambandsins að víkja kæranda úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum, er hafnað. Kröfum um greiðslu málskostnaðar, er hafnað.

Jóhann hefur áfrýjað niðurstöðu dómsins. Frestur er gefinn til 4. mars að skila inn greinargerð.

Afgreiðsla: Til bókunar.

7. Þróun keppnisgreinarinnar Gæðingalist - Erindi frá Erni Karlssyni

Örn Karlsson hefur ítrekað lýst yfir óánægju með vinnu starfshóps sem skipaður var skv. samþykkt landsþings 2018 og var falið gera gæðingafimi að fullgildri keppnisrein í regluverki LH, afrakstur þeirrar vinnu er keppnisgreinin Gæðingalist. Reglur greinarinnar voru lagðar fyrir landsþing 2020 og 2022 og hlaut samþykki beggja þinga.

Afgreiðsla: GH, RH og BK falið að leggja fyrir næsta fund drög að svari til Arnar.

Unnur Rún vikur af fundi.

8. Erindi frá Jóni Þorberg Steindórssyni gæðingadómara

Í innsendu erindi ber Jón Þorberg fram þrjár spurningar til stjórnar.



1) Jón Þorberg gerir athugasemdir við verklag á Hólamóti Skagfirðings 2023 þar sem starfsmaður mótsins taldi þurfa aukinn fjölda dómara til að mótið gæti talist löglegt og það um leyfi til að setja nöfn dómara sem ekki störfuðu við mótið á mótaskýrsluna. Málið reyndist á misskilningi byggt og var leiðrétt.

„Stenst þessi gjörningur siðareglur LH, starfsreglur stjórnar og nefnda LH og siðareglur ÍSÍ?“

Viðkomandi starfsmaður mótsins sýndi af sér hegðun sem er ekki til fyrirmyndar, og ekki í anda þess sem stjórn LH starfar eftir og er ekki í anda siðareglna LH. Starfsmaðurinn hefur gert grein fyrir og gengist við mistökum sínum og beðist opinberlega afsökunar á þeim og telst málinu lokið.

2) „Er stjórn búin að fella úr gildi skilyrði í Reglugerð um mótahald á Íslandi 3.2 þar sem kveðið er á um réttindi íþróttadómara til starfa á WR mótum á Íslandi?“

Nei.

3) „Geta félög hér eftir óskað eftir héraðsdómurum til starfa á WR mótum á Íslandi?“

Skv. íslenskri sérreglu er ekki gert ráð fyrir að héraðsdómarar dæmi á WR mótum á Íslandi. Gengur íslenska reglan lengra en reglur FEIF gera. FEIF gerir ekki athugasemdir við að héraðsdómari dæmi á WR móti en skráning WorldRanking lista er á höndum FEIF. Komið hefur fyrir að héraðsdómari dæmi á WR móti sökum forfalla eða mistaka við mönnun móta en hefur það verið í undantekningartilvikum og er ekki almennt verklag. Hefur sú framkvæmd verið borin undir umsjónarmann WR-skráninga hjá FEIF sem gerir ekki athugasemd við gildi mótsins.

Afgreiðsla: Með vísan í álit WR skrásetjara FEIF þá telst málinu lokið af hálfu stjórnar LH og mun stjórn ekki fjalla frekar um málið. Markviss vinna er í gangi við að bæta upplýsingagjöf til mótshaldara með það að leiðarljósi að bæta vinnubrögð við mótahald innan LH og auðvelda mótshöldurum mótahaldið.

Unnur Rún kemur aftur inn á fund.

9. Önnur mál

a. *FEIF þing* – Ísland sendi vel mannaða sveit á FEIF þingið sem kom málefnum Íslands vel á farmfæri og náði hagsmunamálum í gegn. Feif-þingið er ekki síst mikilvægur vettvangur til að mynda tengsl milli landa og stilla saman strengi við forystusveitir annarra FEIF-ríkja.

b. *Knapafundur 2024* – Opinn knapafundur var haldinn þann 12. febrúar sl. Alls mættu á annað hundrað manns á fundinn ýmist á fjarfundi eða á staðnum. Farið var yfir helstu breytingar á regluverki eftir FEIF þingið, drög að öryggisáætlun var kynnt, farið var yfir spjaldanotkun og framkvæmd kappreiða og annað sem er mikilvægt fyrir keppendur, mótshaldara og dómara. Fundurinn var tekinn upp og verður hvert dagskrárefni birt á samfélagsmiðlum LH í styttri köflum á næstu dögum.

c. *Fundarferðar stjórnar - fundaskipulag*

Formanni falið að skipuleggja tímasetningu funda í samráði við stjórnarmenn í hverjum landshluta.

d. *Pistlar stjórnar*



Störf nefnd og starfsmanna eru ekki alltaf sýnileg almenningi, mikil góð vinna er í gangi sem vert er að greina frá til að upplýsa félagsmenn um innri virkni LH. Útbreiðslu- og kynningarstjóra LH falið að ritstýra röð pistla sem stjórnarmenn skrifa um einstök verkefni.

e. *Útbreiðsla gæðingakeppni erlendis*. Valdimar greindi frá því að fyrirhugað er að halda mót í gæðingakeppni í Bandaríkjunum.

Fundi slitið kl. 20:50